

**Ákvæði til bráðabirgða.**

Tjón, sem orðið hafa fyrir 1. janúar 1966, tekur nefndin því aðeins til meðferðar, að fram komi óskir frá váttryggingafélögum um einstök tjón, eða ef sérstök ástæða þykir að öðru leyti til.

Starfsreglur þessar, sem settar eru samkvæmt 76. gr. umferðarlaga nr. 26 2. maí 1958, öðlast þegar gildi.

*Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 17. maí 1966.*

**Jóhann Hafstein.**

*Ólafur W. Stefánsson.*

17. maí 1966.

Nr. 138.

**REGLUGERÐ**

**um breytingu á reglugerð nr. 112 12. ágúst 1949, um breyting á reglugerð nr. 72 24. júní 1937, um gerð og notkun bifreiða.**

**1. gr.**

Við 1. tölulið 1. gr. bætist ný málsgrein, svo hljóðandi:

Þrátt fyrir ákvæði 4. mgr. skal heimilt að nota hvítt endurskinsefni á stafi og rönd skráningarmarkja á bifreiðum.

**2. gr.**

Reglugerð þessi, sem sett er samkvæmt heimild í umferðarlögum nr. 26 2. maí 1958, öðlast þegar gildi.

*Dóms- og kirkjumálaráðuneytið, 17. maí 1966.*

**Jóhann Hafstein.**

*Ólafur W. Stefánsson.*

17. maí 1966.

Nr. 139.

**SAMÞYKKT**

**um breyting á lögreglusamþykkt fyrir Suður-Múlasýslu, nr. 162 30. september 1941, sbr. breytingu nr. 37 18. febrúar 1963.**

**1. gr.**

Aftan við 50. gr. bætist ný málsgrein, svo hljóðandi:

Hreppsnefndum er þó heimilt að leyfa yngri unglíngum aðgang að einstökum tilteknum samkomum, sem haldnar eru innan hreppsins, enda mæli barnaverndarnefnd með því hverju sinni. Undanþága þessi nær aðeins til unglínginga innan viðkomandi hrepps.

**2. gr.**

Á eftir 4. málsg. 81. gr. komi ný málsgrein, svo hljóðandi:

Hreppsnefndum er þó heimilt að leyfa yngri unglíngum aðgang að einstökum tilteknum samkomum, sem haldnar eru innan hreppsins, enda mæli barnaverndarnefnd